

Mál nr. 256/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort bifreiðinni A hafi verið ekið á M á bifreiðastæði þann 13.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort bifreiðinni A hafi verið ekið á M þann 13.06. 2011. Eiganda A og M greinir á um atvik málsins sbr. fyrirliggjandi gögn.

M staðhæfir að A hafi í tvígang verið ekið utan í M á bifreiðastæði við Eskihlíð. M hafi verið að safna dósum úr ruslatunnu á bifreiðastæðinu er þetta gerðist. Eigandi A kveðst hafa rætt við M á bifreiðastæðinu og tilkynnt honum að bannað væri að safna dósum úr ruslatunnum. M hafi þá reiðst og hoppað á vélarhlíf A og slegið flösku í vélarhlífina. M staðhæfir að A hafi verið ekið á sig. Engin vitni voru að atviki þessu.

Vátryggingafélagið hafnar jbótaskyldu. Það vísar m.a. til þess að þeir áverkar sem vísað er til í læknisvottorði geti ekki talist fela í sér sönnun á þeim atvikum sem M byggir á.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun málskotsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að bifreiðinni A hafi verið ekið á M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. ágúst 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.